

Samtök atvinnulífsins  
Borgartúni 35  
105 Reykjavík

Reykjavík, 21. desember 2022

## Tilboð Eflingar til Samtaka atvinnulífsins um 15 mánaða kjarasamning frá 1. nóvember

Efling leggur fram tilboð til Samtaka atvinnulífsins um kjarasamning til 15 mánaða. Tilboðið tekur til aðalkjarasamnings og samnings um störf á hótelum og veitingahúsum.

Samningsforsendur eru eftirfarandi:

- Lægstu taxtalaun séu hækkuð nægjanlega til að ná til baka kaupmáttarrýrnun frá síðustu launahækkun sem var í apríl 2022 og til að tryggja kaupmátt taxtalauna miðað við vænta verðbólgu á samningstíma.
- Samningur sé raunverulegt framhald Lífskjarasamningsins í þeim skilningi að hækkunar lægstu launa og taxtalauna séu ekki miklu lægri en hækkunar þeirra sem ofar eru í launastiganum.
- Hlutdeild launa í hagvexti og góðri afkomu fyrirtækja sé tryggð.
- Tekið sé tillit til óvenju hás húsnæðiskostnaðar á Höfuðborgarsvæðinu, til að mynda 45% hærri leigukostnaðar en á landsbyggðinni.
- Tekið sé tillit til samsetningar félagsmannahóps Eflingar, þar sem meðalstarfsaldur hjá sama fyrirtæki er allt annar og skipting milli atvinnugreina önnur en á landsbyggðinni.

Atriði tilboðsins eru eftirfarandi:

- Hagvaxtarauki sem bætast átti ofan á laun frá og með apríl 2023 fellur niður en í staðinn koma hækkunar á öðrum launaliðum.

- Samningur tekur gildi 1. nóvember og greiðast afturvirkar hækkanir með næstu útborgun launa. Samningur gildir til loka janúar 2024, eða í samtals 15 mánuði.
- Lægsti taxti (lfl. 4, byrjendalaun) hækkar um 42.500 kr. og aðrir launaflokkar taka hækkunum í launatöflu m.v. þann taxa þar sem staðlað bil milli launaflokka verður 0,58%.
- Hækkanir vegna starfsaldurs miðað við næsta starfsaldursþrep á undan verða 0,5% vegna 1 árs í starfsgrein, 0,75% vegna 3ja ára í starfsgrein og 1% vegna 5 ára hjá sama fyrirtæki. Samanlögð hækkun vegna starfsaldurs miðað við byrjendalaun getur því hæst orðið 2,266%.
- Laun þeirra sem ekki eru á kauptöxtum hækka um 42.500 kr.
- Ofan á öll laun leggst að auki 15.000 kr. flöt framfærsluuppbot. Viðhengd eru skjöl með nýrri launatöflu sem þannig verður til.
- Orðalag í grein 13.2 í aðalkjarasamningi lagað þannig að réttur trúnaðarmanna til starfa í samninganefnd án launataps sé tryggður.
- Desemberuppbot, orlofopsuppbot og bónusar og akkorð í fiskvinnslu hækka með sama hætti og í samningi SA við SGS undirritaður 3. desember sl.

Skýringar og athugasemdir:

- Lægsta krónutöluhækkun launatöflu miðað við fyrri töflu er 57.500 kr. (byrjendalaun í lfl. 4) en hæsta hækkun í virkum launaflokki er 65.558 kr. (5 ára laun í lfl. 17).
- Hlutfallslegar hækkanir taxa m.v. fyrri töflu eru á bilinu 15,56%-16,57%.
- Vægi starfsaldurs er aukið frá því sem var í fyrri launatöflu en þó ekki eins mikið og samningi SA við SGS.

Með tilboði þessu vikur samninganefnd Eflingar frá fyrra tilboði og kröfugerð, og nálgast verulega sjónarmið Samtaka atvinnulífsins. Tilboðið er lagt fram í góðri trú um að sátt geti náðst hratt og örugglega, þannig að undirrita megi kjarasamning fyrir jól.

Tilboð þetta verður kynnt nánar á samningafundi með SA undir stjórn Ríkissáttasemjara klukkan 9:00 þann 22. desember. Tilboðið gildir til loka dags þann dag.S

Virðingarfyllt  
f.h. Eflingar - stéttarfélags

---

Sólveig Anna jónsdóttir